

Pælingar 2018.



Konráð Rúnar Friðfinnsson.

Að spila framtíð sína út frá aðstæðum dagsins er ekki hyggileg hugsun. Af mörgum ástæðum má halda þessu fram og eru bara ein af þeim þær að þær breytast hjá fólki. Við sjáum að ótækt er að miða alla sína framtíð við aðstæður núsins. Höfundur hefur búið við allskonar aðstæður á sinni ævi og býr við sínar í dag. Aðstæðurnar hafa bæði verið verri og líka betri. Við sjáum að núíð er ekki samasem merki fyrir framtíðina.

Menn gleyma oft þeim sannleika að breyttar aðstæður hjá sér kalla eftir, réttara sagt, knýja fram nýja hugsun fólks. Í sumum tilvikum söðlar það og um.

Ekki þarf nema að fjölgi í fjölskyldunni til að menn fari að hugleiða annars konar aðstæður en þeir lifi við. Og menn fara af stað og gera það sem þarf til að aðstæður lagist og plássíð aukist. Ljóst er að manneskja sem býr í einu herbergi, segjum það, og veit að fjölgun er á leiðinni hugsar til aðstæðna sinna og viðurkennir fyrir sjálfri sér að eru ekki góðar miðað við uppkomnar aðstæður og máski óboðlegar eftir að fjölgunin er orðin að veruleika. Það er að segja, verði meðgangan ekki áður rofin. Samt er það svo að breytingar þurfa ekki að koma strax, þó það reyndar gæti verið ágætt. Þær mega taka tíma. Fyrstu mánuðina þarf kornabarn ekki mikið pláss. Talsverður tími gefst því fyrir fólk að leysa sín mál. Eins og líka flestir gera með einhverjum hætti. Er það ekki annars við blasandi veruleiki og hefur þér ekki oftast nær tekist að vinna þín brýnu mál til enda og áður en í óefni kom? Voru margar af þínum erfiðustu kringumstæðum sem þú rataðir í þær sem leiddu þig út á götu húsnæðislausum, að það sérstaka dæmi sé tekið? Þetta er ekki vandamálið heldur miklu fremur umræða dagsins og þanki fólksins í dag sem veit ekki frekar en aðrir hvað framtíðin beri í skauti sér fyrir sig. Gamalt fólk í dag, þangað stefnum við öll, hefur marga fjöruna sopið með einum og öðrum hætti en samt komist áfram og orðið þetta gamla fólk. Eins verður með þig ef Guð lofar og hverjar sem kringumstæðurnar akkúrat eru núna. Höldum því bara áfram með vort líf.

Og hver eru þá skilaboðin. „Brettu upp ermar og gerðu það sem þarf í þeirri fullvissu að úr leysist.“ Þetta er saga mannkyns og hefur alltaf verið og verður einnig þín saga, ef þú vilt. Allir sem sjá fram á breytingar horfa með öðrum hætti á núíð en áður. Yfirleitt gerist allt svona óvænt og óundirbúið en er samt við blasandi sannleikur sem allir sem í lenda verða að takast á við og afgangi. Flestir við slíkar aðstæður byrja að hugleiða hvernig megi úr leysa og að leita þangað sem hægt er og knýja dyra. Sem er víða í dag. Í til að mynda opinbera húsnæðiskerfinu sem metur þörf fólks og flýtir sumum málum hjá sér. Meti það aðstæður svo að hennar sé þörf fara sum mál í forgangsröð. Okkur yfirleitt finnst hægt ganga með afgreiðslu frá opinbera geiranum. Samt er sannleikurinn sá að það sem okkur kann að finnast í andartakinu hægfare og seint unnið er ekki alltaf „hinn Stóri sannleikur.“

Manneskja sem býr í einu herbergi en verður þess skyndilega vör að bera barn undir belti horfir á aðstæður sínar og felst jafnvel hendur yfir þeim. En af hverju og hvenær hætti barn að vera fólki annað en blessun? En staðreyndin blasir við. Nýr einstaklingur er á leiðinni. Allir vita að í dag nægir eitt herbergi ekki þó mögulega megi byrja þar. Flestum foreldrum gefst því nokkur tími til að betrumbæta húsnæðismál sín. Þegar barnið verður stærra fara nú flestir inn í

rúmmetra og hentugra húsnæði þó þeir hafi nýtt aðstæður sínar með þessum hætti og hvort sem það var með eða án áhyggna um hvað yrði. Allskonar vinna hófst. Og aðstæður allar löguðust. Er það ekki annars?

Að miða sitt við núverandi aðstæður er varasöm hugsun. Sama gildir um fjárhag manna. Hann getur líka breyst og hefur oft breyst hjá mörgu fólki. Blankur í dag merkir ekki blankur um alla eilífð. Niðurstaðan er: „Leyfum börnunum að koma. Þau hafa til þess fulla heimild.“ Að velja aðra leið er af engu nema eigingirni og hugsun sem nær skammt.

Alþingi.

Dálítið meira um málið sem allir eru að tala um en engin vildi í lenda. Málið er þannig vaxið að sýna glögglega að verk eins og eða fárra hefur áhrif á fleiri og í sumum tilvikum heila þjóð, séu persónur með þeim hætti þekktar að alþjóð veit á þeim deili, eins og gildir um háttvirta Alþingismenn sem eðli málsins samkvæmt verður þjóðþekkt fólk. Og enn og aftur fáum við vísbendingar um mikilvægi þess að aðgát skuli höfð í nærveru sálar. Þetta mál er kennslubókarefni um það allt saman og hver afleiðing geta orðið missi menn sig.

Nýjustu fréttir eru að meirihluti þingmanna vilji að fólkið sem í lendi og olli veseninu að allt þetta fólk yfirgefi þingsali og segi af sér þingmennsku og ekki seinna en strax. Strax veikin þekktu. Svo sem skiljanlegt miðað við það sem á undan er gengið og hægt að skilja að loftið inni sé svo þykkt og þungt og fráhrindandi að engin leið sé að fara þar um nema fyrst að skera sig í gegn. Ætti maður sjálfur að telja upp öll þau skipti í sínu lífi þar sem andrúm hefur verið með þeim hætti að allt sé hreinlega dauft að þá yrði talan nokkuð há. Samt lifir maður það allt saman af og án nokkurs skaða en reynslunni ríkari. En skemmtilegt var það ekki, sem er annað mál. En í sumu er bara ekkert skemmtilegt að lenda en menn samt upplifa og horfast í augu við. Og hvað með það? Kom ekki nýr dagur og kom ekki kvöld? Settumst við ekki að snæðingi og horfum á sjónvarpið um kvöldið? Ætli ekki það.

Að fara fram á að menn fari er ekki lausn heldur er sannleikurinn sá að við margt verður fólk að búa og lifa við og umfram allt að vita að með tímanum grói allskonar meinsemdir. Að sjá þetta svona er þroskamerki. Sem sagt. Lífið er bæði súrt og sætt. Og þó lífið þessa stundina sé súrt er það sem slíkt engin heimsendir. Þetta súra mun umbreytast í sætt. Og hver veit þetta ekki og hitt að tíminn lækni svona mál. Eina í stöðunni er því að vinna áfram verkin sín og trúa sjálf/ur að vera enn að gera þjóð og fólki í þessu landi gagn með því sem verið sé að gera og vita að einn daginn verði þetta betra. Ætli fólkið hafi ekki lært sína lexíu þó máski sumt sé kokhraust í dag. Stundum er öll kokhrestyri bara gríma en mórallin samt grasserandi undir niðri.

Nei vinir! Lausnin felst ekki í að láta þetta fólk fara vilji það sjálft vera kyrrt. Kjósi menn hins vegar að segja starfi sínu lausu er það og á að vera viljaákvörðun hvers og eins og engra annarra. Brotið er ekki þess eðlis að vera lögbrot né neitt þess háttar sem annað gildi um ef skeð hefði. En óskemmtileg reynsla er það.

Og er ekki sannleikurinn sá að sumt í lífinu verði menn hreinlega að láta sig hafa og á eftir að ganga í gegn. Líf höfundar hefur alltént verið með þeim hætti og hann ekki alltaf verið þar hrifin af öllu sem gerst hefur í kringum sig. Og svo sem stundum farið án þess þó, eftir á að hyggja, að líta á það sem lausn heldur meira kannski sinn eigin flótta. Og er ekki beiðni þingmannanna um að fólkið yfirgefið svæðið á vissan hátt vísbending til þeirra um vissan flótta frá erfiðleikum og óvilja þeirra til að takast á við erfiðleika? Þó obbi liðsins eigi sjálfur engan þátt í að hafa stofnað til neins ósættis en lenti í, af þá annarra völdum, væri þá ekki best, úr því sem komið sé, að takast sjálfur á við vandann? Einfalda leiðin í svona málum er bara að vísa sjálfum sér og sumum öðrum burt af svæðinu, sem sjaldnast er þó lausn til framtíðar lítið. Staðan sem upp er kominn þarf hvort eð er að leysa og best að hún leysist með fólkinu sem í lenti. Þekkir það enda best áhrifin af allri svona vitleysu. Enda sjálft statt mitt inn í sjálfri hringiðunni, bullinu og þvælunni.

Ljóst er að við sumu verði fólki ekki hlíft og best að átta sig fljótt á þessu og bretta heldur upp ermar og halda áfram störfum og koma sterkari út. Of oft grípa menn til léttari leiðarinnar í stað þess að afgreiða frá sér vandan og berjast fyrir réttlátri lausn. Og hver er hún og hvert réttlætið? Að ekkert slíkt endurtaki sig aftur. Og ef einhver fer þá bara fer viðkomandi.

Saga Gyðingapjóðarinnar.

er mikið til skráð höfnun og að hafa verið fyrir og til vandræða þar sem hún er. Við vitum að nasistar voru ekki beint elskir að þeim og gerðu atlögu að þeim í Þýskalandi og eitt og annað sem sagði við þá beint óbeint að Gyðingar væru ekki velkomnir. Seinna þróaðist þetta út í hreint morðæði með öllum þessum útrýmingarbúðum sem risu og voru fleiri en á bara einum stað heldur skiptu þessar búðir tugum með það eitt markmið að útrýma Gyðingum. Einkennilega atvinna að starfa við að myrða manneskjur skipulega og hafa sitt lífsviðurværi af slíku. En akkúrat þetta var starf starfsmanna útrýmingarbúðanna. Menn eins og ég og þú sinntu verkinu. Við sjáum að atlagan gegn Gyðingum hefur frá upphafi verið andlegt stríð háð af andaverum vonskunnar í himingeimnum sem en eru hér og enn við sama heygarðshorn.

Þrátt fyrir nokkrar atlögur eru Gyðingar hér enn á meðal okkur vegna þess að Guð tók þá að sér. Og það sem Guð á fer ekkert þó hann leyfi atgang gegn sínu fólki af ástæðu sem höfundur skilur ekki. Nema þá helst til að sýna að syndin sé dauðans alvara og synd hreiðri um sig í hjörtum manna og kvenna. Sem sagt: Í mér og þér. Allt sem Guð umvefur og elskar ber mér í annan stað og sem kristnum einstaklingi, einnig að umvefja. Og ég styð Ísrael og hef gert í

áratugi án þess að hafa neitt á móti Aröbum, því ágæta fólk. Stuðningur við einn merkir ekki sjálfgefið andúð á öðrum þó tilhneiging margra sé að spyrða þetta saman og skipta mönnum upp í hóp með og á móti:

„Postulasagan, 18. 1-3. Eftir þetta fór Páll frá Apenu og kom til Korintu. Þar hitti hann Gyðing nokkurn, Akvílas að nafni, ættaðan frá Pontus, nýkominn frá Ítalíu, og Priskillu konu hans en Kládíus hafði skipað svo fyrir að allir Gyðingar skyldu fara burt úr Róm. Páll fór til þeirra og af því hann stundaði sömu iðn settist hann að hjá þeim og vann með þeim. Þeir voru tjaldgerðarmenn að iðn.“-

Hér kemur fram að eina ferðina til sé búið að gefa út tilskipun um að allir Gyðingar verði að flytjast burt. Og núna frá Róm þar sem þeir hafa verið búsettir kannski í aldir. Þarna eru Rómversk yfirvöld byrjuð að rótast í þessu fólk sem er bara fólk og allt fólk þarf sinn stað til að búa á. Yfirlýsingin er í grunninn svohljóðandi: „Þið eruð fyrir og til vandræða.“

Tilskipun Rómverskra yfirvalda er endurtekning á gömlum frasa um að sumt fólk sé alltaf fyrir og megi ekki vera til. En fyrir hverjum er það kemur ekki fram. Það sem menn máski sjá ekki né gera sér grein fyrir er að andstaðan gegn Gyðingum hefur frá fyrstu tíð verið andlegt stríð. Og gamli frasinn er rifjaður upp um að einn og annar hópur fólks sé endalaust til vandræða. Af hverju hafa þessar þjóðarhreinsanir svokölluðu verið gerðar nema vegna þess að menn hafa loks fengið upp í háls á ástandinu og grípið til ráðstafanna. Því vafasama verkfæri í svona málum. Og gríðarlegt blóð byrjar að renna af ráðstöfununum án þess þó að á vandanum sé tekið. Og hvar liggur þá vandinn? Í afstöðu eigin hjarta og einstaklingsins. Þar hefur hann alla tíð legið og hvergi annarstaðar. Fólk nefnilega er bara fólk og fólk líður allskonar hvernar þjóðar sem er. Segið mér hvaða einstaklingur sem byggir þessa jörð þráir ekki fyrir sig sjálfan að lifa rólegu og heilbrigðu lífi? Hann tel ég vera vandfundinn og enn ekki fæddan. Við sjáum að hvorki hópar né ein og önnur þjóð getur ekki verið vandamál heilt yfir litið heldur afstaða hvers og eins til svona mála. Og hví er þetta ekki lagað og málið „afgreitt“ í eitt skipti fyrir öll? Svárið við spurningunni er þessi: „ Það er synd í heiminum og synd tilheyrir einstaklingi og byggir upp í honum afstöðu.“ Einfalt? Veit ekki en er samt staðan.

Hvað segir þetta mér? Jú ég þarf á Jesú að halda sem segir mér sannleikan um hvernig í öllum þessum málum liggja. Og vitneskjan og trúin setur mig í hópinn með honum. Amen.

Síminn er eitthvað

sem allir þekkja og flestir landsmenn eiga. Í dag hafa þeir tækið á sér og er hægt að hringja í fólk og gera hvar og hvenær dagsins sem er og ekki lengur bundið við að fólk sé heimavið eða í

nánd við símtæki, eins og viðgekkst áratugum saman í síma heiminum. Allir eru tengdir og síftengdir og horfandi í litla skjáinn sinn sem orðið leiðbeinir veg villtum heim og að rata um á nýjum stað. Samanber ferðamaður sem þekkir ekki nágrennið en fer samt um það eins og hver annar heimamaður og þarf ekki lengur að spyrja til vegar. Kveikt er á veraldarvefnum, leiðin gefin upp í símtækinu og svo arkað af stað og horft á lítinn símaskjá sem leiðbeinir fólki á réttan stað: „Svakalega þægilegt“- segja menn eitt bros í framan en sá ekkert af leiðinni sem þeir fóru um né mundu hvernig veðrið var. En þeir komust á leiðarenda. Sem er málið.

Sumir muna eftir gamla sveitasímanum sem í símnúmera stað hafði hringinguna tvær stuttar og ein löng og var merki til tiltekins bæjar um að verið væri að reyna að ná í fólk þar. Efast má um að byltingin í símamálum í dag hafi verið meiri en gamli sveitasíminn var er hann fyrst kom og menn búnir að átta sig á notagildinu sem eflaust hefur tekið nokkurn tíma og „fuss og svei, og sóun á peningum“- gengið með fólkinu um hríð. En eftir að hann kom til skjalanna þurfti fólk ekki lengur að fara um langan veg milli bæja til að hitta fólk og bera upp einfaldar spurningar við það og hverfa sömu leið til baka. Í sumum sveitum gat svona ferðalag fram og til baka tekið það daginn og ekki víst að fólkið, sem nauðsýnlegt þótti að hitta, byggji á næsta bæ heldur á bænum innst í dalnum og talsverður vegspotti þangað. Þessu öllu saman breytti sveitasíminn. Eftir að hann kom og búið að tengja alla þræði hans sírstöðinni og leggja línurnar til bæjanna var hægt að hringja tvær stuttar og eina langa hvort sem var vetur eða sumar, nótt eða dagur og gera erindið á örskotstund. Hugsíð ykkur muninn og framfarirnar fyrir þetta fólk sem fyrst fékk. Efast má um að tækni dagsins hafi þótt merkilegri en blessaður sveitasíminn var í huga fólksins sem þá var uppi. Öruggt er að hann hefur vakið meira umtal og áhuga en hitt tækið sem engin vildi þó vera án í dag. Sem er annað mál.

Samt er engin launung á að nútíminn sé neitt annað en sérstakur og einstakur í veraldarsögunni og fyrir trúaða sitt tákni um að styttest fari í að antikristur komi og hrifsi til sín völdunum og í kjölfarið Drottinn sjálfur sem mun koma og binda endi á völd hans og hneppa í varðhald í þúsund ár og að hér muni ríkja friður sem engin okkar hingað til hefur þekkt en kemur þá. Sagt er að antikristur muni stjórn allri jörðinni frá einum stað í heiminum og ríkja hér í á fjórða ár og einnig að þetta verði sérlega erfiður tími og sá erfiðasti sem hér hafi verið. Meira að segja er svo fast að orði kveðið í ritningunum að væru dagar þessar ekki styttr kemst engin maður lifandi af. Að antikristur sé ekki þegar kominn er vegna skilyrða sem hafa ekki verið tiltæk fyrr en í dag. Sem sagt, á okkar tíma.

Í dag er verkið gerlegt með þeirri tækni sem þegar er til og verið að nota dags daglega. Þekking er til staðar um að fylgjast með fólki og er hún hjá fleirum en einum og tveim heldur hafa hana fjöldi manneskja víðsvegar í heiminum. Gegnum tækni dagsins má fylgjast með hvort viðkomandi sé á gangi eða á ferð í bifreið. Bent er á mikilvægi þess að þróa þessa tækni áfram og stutt þeim orðum að fólk í erfiðleikum hafi oft fengið hjálp gegnum þessi tæki. Allt undirbúningur undir það sem koma skal og tímanna sem tengja má orðum Biblíunnar sem trúuðum er ætlað að lesa úr, vita af og vinna áfram með til að fyrst og fremst fólk Drottins haldist vakandi á verðinum og skili sér heilu heim til ríkis Guðs á himnum og á sína eigin endastöð.

Tæknin og það sem við erum að nota af henni breytir engu um tilgang Drottins um að fá alla til sín. Leiðin er opin. Þrátt fyrir alla tækni og öll þægilegheit af henni að þá erum við samt hold og blóð og andi sem Guð vill fá til sín. Jesús lifir! Hann lifir! Amen.

Stéttarfélag.

Hvenær það byrjaði í voru samfélagi að menn fóru að stilla atvinnurekendum og þeim sem vinna hjá firmum upp sem andstæðingum veit ég ekki. Veit þó að áratugir eru síðan það allt saman skeði. Líklegt er að slíkt teygir rætur sínar til upphafs stéttarfélaganna.

Ekki er samt svo að skilja að þeirra væri ekki þörf. Vissulega urðu þau til af ástæðu og þeirri að verið væri að hlunnfara fólk.

Að vera með þessi mál uppstillt sem andstæður er þó út í bláinn. Hvað er fyrirtæki án starfsmanna eða starfsmaður án fyrirtækis?

Kaup og kjör starfsmanna er partur af rekstri fyrirtækja sem gerir að verkum að þau geta aldrei alveg spilað sitt frítt né ákveðið upp á eigin spýtur um allt hjá sér sé. Starfsmaðurinn er partur gamansins. Samt hefur með tímanum tekist að búa til andstæður. Af líklega mannavöldum til að halda völdum.

Vegna ósanngirni, kannski til að byrja með blindu þeirra sem ráku fyrirtæki, hófst þessi hugsun um atvinnurekandann og okkur hin sem fáum laun af vinnu okkar. Gott dæmi um þetta er maðurinn sem sagði frá því að verkamenn sem unnu í vegavinnu (í árdögum vegavinnunnar í landinu. Allur bati sem við höfum í dag á vettvangi kjaramála teygir rætur sína til þessara daga) væru hvorki með afnota af skúr til en fengu síðar einn kofa án stóla og borða til að drekka kaffið sitt og gátu hvergi lagt frá sér glösin með kaffinu í né skilning atvinnurekenda á slíkum lúxus. vinnuveitanda. Maðurinn sem frá sagði tjáði að um of mikið hafi verið beðið að þeim yrði útveguð fjöl til að fá tyllt rassgati sínu á á meðan þeir drykkju kaffið sitt.

Svona þvæla býr til núning sem allir sjá að vel má koma í veg fyrir en gerði ekki vegna þess að í kröfunni felst smávegis af kostnaði Og allan slíkan er þvertekið fyrir. Krafa upp að kostnaði var í lagi með en umfram hann. Nei takk.

Hefðu kalla greyin sem skúrin notuðu fundið sér tvo hæfilega stór grjót og borið stynjandi inn á gólf og farið út aftur og fundið sér fjöl og lagt á milli grjótanna hefði ekkert skeð og þeir sest og drukkið sitt kaffi og hver sitjandi á sínu eigin rassgati, eins og maðurinn sem frá sagði orðaði þetta þá orðin nokkuð hávæer í tali og öllum farið að hitna í hamsi af upprifjuninni einni saman.

Hvorki leit að tveim steinum með fjöl á milli hvarflar ekki að nokkrum og krafan um stólakaup að mati atvinnurekenda hrein óþarfi. Enda sjálfur sitjandi í þessum finu stólum.

Mörg svona atriði hafa orðið til þess að gjá hefur myndast á milli atvinnuvega og verkafólks og að sjálfsagt þyki að benda hinum á ósanngirni kröfunnar. Upp úr slíkri þvælu verða til tvær fylkingar þó allir að sjái að þurfa að starfa saman og geti ekki án hvorrar annarrar verið.

Annað er það sem býr til vanda sem alltaf annað veifið droppar við hjá okkur og er af völdum manna sem lengi hafa verið við þetta og lagt á sig erfiði gegnum tíðina í þágu, segjum stéttarinnar, að þetta fólk með tímanum hefur haft tilhneigingu til að líta á aðstæður sínar sem eigin eign þó allir viti að svo geti ekki verið og verði aldrei þar sem hellingur af fólki leggur til eigið fjármagn sem stendur undir leigu aðstöðunnar, öllum rekstri, og eru þar með talin laun starfsmanna. Sjálfsagt hefur þetta fólk oft lagt á sig lengri vinnutíma en samningur gerðu ráð fyrir án þess að fá neitt aukalega greitt. En það eitt og sér gerir engan sjálfkrafa að eiganda stéttarfélags né neins annars félags. En svona samt eru menn og verða víst áfram.

Trúin gildir.

og fylgir okkur og er þar sem við erum. Trú er fylgifiskur fólks sem á annað borð aðhyllist hana. Trú er fólk kær og meira eftir því sem það nær betri tókum á sinni trú. Trú án verka er ekkert og hreint núll. Með ástundun og verkum sem trúin bíður að séu unni hefst þetta. Trú og verk fara saman. Eitthvað í hjarta trúaðra ýtir þeim út í verk sem öndvert gera Krist sýnilegan og fleiri komast til þekkingar á honum.

Trúin með margvíslegum hætti sýnir að henni er ekki sama um sína trúðu. Trúin er lifandi afl í hjartanu á sama hátt og Jesús er lifandi. Hann gefur niður trú og fyllir hjartað Heilögum Anda sem eins og Jesús, og trúin, er lifandi veruleiki sem starfar í manneskju að beiðni frelsarans og fylgir einstaklingi eftir svo lengi sem hann lifir og er þar sem viðkomandi manneskja er hverju sinni.

Engin getur aðskilið Heilagan Anda frá trú. Gerist slíkt væri trúin ekki trú heldur eitthvað annað sem erfitt gæti verið að setja fingur sinn á hvað væri. Trú er sérstök rétt eins og hvaðeina annað sem Guð er með í að gera er sérstakt. Guð ann fólki heilum ástum og sýnir með verkum þeim sem Jesús vann á jörðinni áður en hann steig upp til himna. Menn töldu sig með þeim hætti vera lausir við hann í eitt skipti fyrr öll. Annað kom á daginn því að í þessu verki sýndi Guð Faðir afl sitt svo um munaði með því sem kom á eftir krossfestingunni og upprisunni sem menn fram á þennan dag hafa reynt að afsanna en geta ekki þó þeir beiti fyrir sig allskonar brögðum til og þyrta upp ryki og birtist helst, og mest, í mislukkuðu háði. Háð er angi af grímu sem menn

setja upp við vissar kringumstæður og gera oft mitt í sínum eigin vandræðagangi. Trúin er fær um að lækna. Líka háðska manneskju.

Manneskja þarf trú og trú er boðuð af fjölda fólks og kvenna út um allan heim og af fólki sem sjálft þekkir hvað trú sé sem og sjálft lifir sína trú. Trú er ekki afgangsstærð í lífi fólks heldur með ræktarsemi verður að afli sem fer á undan verki og vinnu manneskju sem hún af uppsker allskonar blessanir sem oft er drifkrafturinn að úthaldi fólks sem áratugum seinna er enn við þetta og starfar enn í sama eldi og krafti og það hefur alltaf gert. Engin mæða, engin flótti, engin harmur yfir eigin hlutskipti heldur líf sem kom með gjöf Heilags Anda sem ástundunin og verk á eftir staðfestu og unnið áfram með. Allt fram á þennan dag hafa verkum þessum verið haldið vakandi og þau eru enn vinnandi í hjartanu og gefandi samskonar blessun af sér eftir mörg ár á akri Guðs. Guð sjálfur sér svo um. Var enda verkið honum velþóknlegt. Þetta eru fyrirmyndirnar sem annað trúað fólk getur haft, og átt, vilji það sjálft horfa til einhverrar manneskju sem sína eigin fyrirmynd. En það allt saman liggur ekki ljóst fyrir og erfitt að festa sig við. Jesús er þarna líka. Gætum okkur því á að ekkert ytra skyggi á hann.

Trú gefur fólki uppskeru. Til að mynda þennan ávöxt:

1Þessalóníkubréf. 5. 1-8. En um tíma og tíðir hafið þið, bræður og systur, ekki þörf á að ykkur sé skrifað. Þið vitið það sjálf gjörla að dagur Drottins kemur sem þjófur á nóttu. Þegar menn segja: „Friður og engin hættu,“ þá kemur snögglega tortíming yfir þá eins og jóðsótt yfir þungaða konu. Og þeir munu alls ekki undan komast. En þið, systkin, eruð ekki í myrkri svo að dagurinn geti komið yfir ykkur sem þjófur. Þið eruð öll börn ljóssins og börn dagsins. Við heyrum ekki nóttunni til eða myrkrinu. Sofum því ekki eins og aðrir heldur vökum og verum allsgáð. Því að þau sem sofa, sofa um nætur og þau sem drekka sig drukkin, drekka um nætur. En við sem heyrum deginum til skulum vera allsgáð, klædd trú og kærleika sem brynju og voninni um frelsun sem hjálmi.“

Jesús lifir! Hann lifir! Amen.

Umskorinn, óumskorinn.

Um þetta deildi frumkirkjan nokkuð og er fullkomlega eðlilegt að hafa átt sér stað horfandi á sannleikan að umskurn hafði verið partur af veruleika Ísraelsmanna í aldir áður en Kristur kom og uppfyllti Lögmálið og lét fagnaðarerindi sitt yfirtaka Gamla sáttmála. Í þeim nýja þarf enga umskurn. Í Nýja máttu eta hvað sem er. Umskurn er reyndar óheimill í Nýja sáttmála sem Guð segir sjálfur um að sé betri hinum. Umskurn útilokar þig frá Kristi eftir að þú hefur meðtekið hann. Margt gott og mörg kvöðin og bindingin sem Lögmálið lagði á fólk afnamst í Kristi. Að

tímenn sinn tæki fólk að átta sig á þessu gat því ekki annað en gerst. Allt að undangengnum samræðum og jafnvel deilum.

Margt annað gefur nýi sáttmáli af sér sem ekki er að finna í þeim eldri og er við að úreldast er Kristur gengur enn með fólkinu. Hann úrelist að öllu leiti með gjöf Heilags Anda á Hvítasunnudag. Á stofndeggi kirkjunnar. Eftir þann dag byrja menn að boða fólk fagnaðarerindið. Vilji Ísraelsmenn ekki Krist búa þeir áfram við kvöð Móseslaganna.

Ljóst er að nokkurn tíma hafi tekið frumkirkjunar að koma þessum málum á hreint hjá sér og menn nokkuð deilt um akkúrat þetta atriði sem engin í dag gerir vegna aukins skilnings okkar á Orði Guðs. Dropinn holar steinin og með hverri kynslóð kemst og margt á hreint sem áður var óljóst. Svona vinnur þetta allt saman og undirstrikar um leið sannleikan um að við stöndum á öxlum þessara manna og kvenna um margt sem er í dag á hreinu í fræðunum. Að við hreykjum okkur ekki hátt heldur berum fram aukið þakklæti.

Lögmálið bauð verk en ekki trú. Með verkunum er unnið samkvæmt vilja Lögmálsins. Kristur býður fram bæði verk og trú og að trúin sé höfð á undan þeim. Kristur segir sjálfur að það að trúa á sig sé fullgilt verk. Við sjáum að margt í Nýja sáttmála vafðist fyrir þessu fólk. Og þarf líklega ekki miklar vangaveltur til að skilja slíkt. Einnig nú á tímum eru allskonar vafaatriði uppi tengdu Orði Guðs. Aðallega þá af siðferðilegum toga. Margt er þó á hreinu.

„Rómverjabréfið. 4. 4-11. Sá sem vinnur verk fær ekki laun fyrir það af náð. Hann fær það sem hann á rétt á. En sá hins vegar sem engu afkastar en treystir þeim sem réttlætir óguðlegan fær trú sína metna sér til réttlætis. Eins og líka Davíð lýsir þann mann sælan sem Guð til reiknar réttlæti án tillits til verka: Sælir eru þeir sem afbrotin eru fyrirgefín, syndir þeirra hular. Sæll er sá maður sem Drottinn tilreiknar ekki synd. Nær þessi sæluboðun aðeins til umskorinna manna? Eða líka til óumskorinna? Ég segi: Trúin var Abraham til réttlætis reiknuð. Hvenær? Var hann umskorinn þá eða óumskorinn? Hann var ekki umskorinn þá, hann var óumskorinn. Hann fékk umskurnina sem tákni, innsigli til staðfestingar á því réttlæti af trú sem hann átti óumskorinn. Þannig skyldi hann vera faðir allra þeirra sem trúa óumskornir svo að réttlætið tilreiknist þeim, og eins faðir þeirra umskornu manna sem eru ekki aðeins umskornir heldur feta veg þeirrar trúar sem faðir vor Abraham átti óumskorinn.“-

Við sjáum að ágreiningsatriðin til að byrja með snúast um annað en síðar varð. Eftir að umskurn málið kemst á hreint hefur mörgu farginu verið létt af mörgum sem vildi vera heilt í sínu hjarta andspænis Guði sínum en þurfti skýr svör inn í akkúrat þessa spurningu sína. Til að geta haldið áfram með fagnaðarerindið verður málinu að ljúka. Enda fyrirferðarmikið.

Páll tekur málið svolítið að sér ásamt mörgum hinna frumkvöðla kirkjunnar. Má því segja að mörg grunnmál tengdri trú og trúargöngu fólks hafi verið afgreidd út af borðinu á fyrstu árum kirkjunnar undir leiðsögn fagnaðarerindisins. Þetta bendir auðvitað á lifandi Guð sem veit, kann og getur og sér um allt að sínu leiti. Við sem í dag trúum stöndum öll á öxlum forvera okkar. Án verka þeirra og sigrá værum við ekki þetta öfluga trúað fólk í dag sem við erum. Það er ljóst. Allt fyrir þær sakir að Jesús lifir Hann lifir! Amen.

